

AÐLÖGUNARÁÆTLUN

Álit Loftslagsráðs

á aðlögunaráætlun 2026-2030 vegna loftslagsbreytinga á Íslandi

5. febrúar 2026

Loftslagsráð fagnar því að aðlögunaráætlun liggur nú fyrir og að framkvæmd hennar er hafin. Ísland er, líkt og aðrar þjóðir, berskjaldað fyrir mörgum birtingarmyndum þeirrar röskunar af mannavöldum sem þegar hefur orðið á veðrakerfum jarðarinnar. Frekari röskun veðurfars mun hafa víðtækar afleiðingar á komandi áratugum. Það er því mikið í húfi að vel takist til og að áætlunin beri tilætlaðan árangur.

Verkefnisstjórn, sem starfar samkvæmt reglugerð frá júlí 2024, var falið að móta áætlunina. Skal hún við mótun og framkvæmd hennar taka mið af áhættu og viðkvæmni gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga með tilliti til þols innviða, hópa fólks og lífríkis. Mikilvægt er að tryggja að verkefnastjórnin hafi nauðsynlega getu til að fylgja aðgerðum eftir og að þróa áætlunina frekar í ljósi reynslu af framkvæmd hennar.

Spor í rétta átt en nú þarf að vanda til við framkvæmdina

- Sú áætlun sem nú liggur fyrir er spor í rétta átt en svo hún uppfylli betur kröfur reglugerðarinnar þarf að skerpa á tengingu aðgerða við helstu ógnir. Áhættumiðuð forgangsröðun einstakra aðgerða þarf að fylgja áætluninni auk lýsinga á aðferðafræði við slíka forgangsröðun.
- Áætlunin er fremur rannsókn- og náttúrumiðuð og skortir aðgerðir sem dregið geta úr framtíðar tjónnæmi samfélagsins og neikvæðum áhrifum á lífsgæði almennings. Þá skortir á samfellu og tímaröðun verkþátta. Taka þarf á þessum veikleikum til að auka áhrif aðgerða. Skerpa þarf á áætluninni og lýsa með skýrum hætti ábyrgð á einstökum verkþáttum.
- Kostnaðarmat og fjármögnun aðgerða er ófullnægjandi. Aðgerðir og fjárfestingar sem draga úr tjónnæmi innviða, atvinnuvega og opinberrar þjónustu eru meðal arðbærustu fjárfestinga þegar litið er til þjóðarbúsins sem heild.
- Samþætta þarf frá upphafi réttláta aðlögun við áætlunina í heild sinni. Þannig að mótun ólíkra aðgerða og framkvæmd stuðli að réttlátri aðlögun að loftslagsbreytingum.

Aðdragandi og samhengi aðlögunaráætlunar

- Þekking er töluverð á umfangi og afleiðingum hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi þó enn sé rík þörf á frekari rannsóknum og vöktun. Staða þekkingar var dregin saman í matsskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar í lok árs 2023. Þessi fyrsta aðlögunaráætlun þarf því að fela í sér markvissa beitingu þeirrar þekkingar.
- Vönduð stefnumótunarvinna hófst í Stjórnarráðinu, í samstarfi við sveitarstjórnarstigið árið 2020. Stjórnarskipti og skipulagsbreytingar í Stjórnarráðinu hafa þó tafið starfið og dregið úr samfellu þess og ber áætlunin þess merki.

Áherslur og aðgerðir

- Þær aðgerðir sem settar hafa verið í forgang snúast einkum um vöktun, mat á áhrifum og annan undirbúning. Þetta eru mikilvæg viðfangsefni en full ástæða er til í að ganga lengra og hefjast nú þegar handa við markvissa aðlögun. Þetta má gera á næstu árum með því að ráðstafa hærra hlutfalli af fjármagninu til markvissra aðlögunaraðgerða sem dregið geta úr tjónnæmi.
- Stjórnvöld þurfa að gera almenna úttekt á þeirri áhættu sem aðlögunaráætlun á að taka á. Setja þarf áhættuviðmið og forgangsraða aðgerðum eftir því.
- Taka þarf með skýrari hætti á ytri áhrifum vegna hnattrænna loftslagsbreytinga bæði á aðfangakeðjur og kerfisbundna áhættu. Afar mikilvægt skref er stigið með aðgerð B.3.6. í áætluninni. Íslenskt samfélag kann að vera berskjaldað gagnvart flókinni og kerfisbundinni áhættu vegna áfalla utan landsteinanna á íslenskt samfélag. Slík áhætta steðjar m.a. að matvæla- og aðfangakeðjum. Styrkja þarf greiningu á þessum þáttum í núverandi aðlögunaráætlun.
- Áætlunin þarf að virkja fleiri til verka þar sem þekking, framkvæmd og kostnaður liggur víðar í samfélaginu en innan ríkisstofnana. Sveitarfélög þurfa að fá aukið vægi í framkvæmdinni þar sem mikið er í húfi fyrir þau að vel takist til.
- Vinna þarf með fjármálageiranum að áhættumati og eiga samstarf um fyrirbyggjandi aðgerðir sem dregið geta úr áhættu. Hættur sem steðja að viðkvæmum hópum þurfa að hljóta forgang.
- Skipulagsákvæðanir þurfa að beinast að því að lágmarka áhættu, m.a. vegna gróðurelda, sjávarstöðubreytinga, flóðahættu sem beinist að samgöngu-mannvirkjum og hinu byggða umhverfi.